



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 4.tbl.

Apríl 2016

Firmakeppni Smára 2016



Verður haldin á Flúðum 1 maí að
venju og hefst stundvíslega kl.

13.00

Kept verður í eftirfarandi flokkum :

Pollaflokkur(9 ára og yngri)

Barnaflokkur (10-13 ára)

Unglingaflokkur (14-17 ára)

Ungmennaflokkur (18-21 árs)

Kvennaflokkur

Karlaflokkur

Heldri manna og kvennaflokkur

Fljúgandi skeið

*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á
einum stærsta viðburði félagsins, hvort sem er ríð-
andi, gangandi eða akandi.*



**Skráning á
staðnum**



STJÓRNIN

***Reglur firmakeppni má finna inn á www.smari.is undir liðnum LÖG
OG REGLUR**



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. maí 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsínu, Brautarholti.



Alltaf gaman, alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

Muna að lesa, lesa, lesa.... S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Breyttur opnunartími í Lyfju– útibúi Laugarási !

Lyfju– útibú í Laugarási S. 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við E- götu
vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Árnes opið:

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt opið:

miðvikudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 13:00 - 15:00

Góðir sveitungar og aðrir!

Frágang á sorpi þarf að vanda mun betur!

Gámasvæðin hér eru móttökustöðvar en ekki flokkunar-
stöðvar. Heyrúlluplastið verður að vera hreint og
pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að
vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

En bændur góðir! Setjið plastið í stórsekki eða poka
hvort sem það er skítugt eða hreint, það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðinu í
Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Skaftholt tekur áfram við garðauðgangi og afklippum trjáa
Alla daga, allan daginn. (Til vinstri á heimreið fyrir framan
gróðurhús.

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón umsjónarmaður gámasvæðanna gsm. 893-7016 eða 462-5301.
og sveitarstjóri.

Gleðilegt sumar!

Uppsveitabrosið 2015

Bros frá Uppsveitunum er viðurkenning sem veitt er árlega einstaklingi eða fyrirtæki. Að þessu sinni var það Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands sem hlaut brosið.

Sigurður stýrir Háskólafélagi Suðurlands styrkum höndum og góð samvinna er aðalsmerki starfsmanna allra.

Megin tilgangur félagsins er að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með uppbyggingu þekkingarsamfélags.

Fjölmörg verkefni eru í gangi hjá félaginu m.a. þróun og uppbygging náms sem stuðlar að nýsköpun í matvælaíðnaði og í ferðaþjónustu í samstarfi við erlenda háskóla. Félagið býður einnig upp á þjónustu fyrir fjarnema og aðstöðu fyrir háskólanema í Fjölheimum á Selfossi.

Þar sem brosið er óáþreifanlegt fylgir því ævinlega hlutur sem handverks- eða listamaður í Uppsveitunum býr til hverju sinni. Í ár er það gripur úr lista-smiðju Sólheima og listamaðurinn er Kristján Már Ólafsson.

Einnig er gaman eð geta þess að logo Uppsveitabrosins er hannað af Ingunni Jónsdóttur starfsmanni Háskólafélagsins. Markmiðið er að senda út jákvæð skilaboð og vekja athygli á því sem vel er gert. Uppsveitamenn leggja áherslu á góða samvinnu og jákvæðni og það að senda út bros minnir einnig á það.

Mynd: Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu sem afhenti brosið.



Til Sölu!

Gróft hrossahey, 20 rúllur

Sími 894-1106 - Eiríkur Kristinn

Munið, skákæfingarnar á mánudagskvöldum í Þjórsárskóla!



Á mánudagskvöldum kl. 19:30 í Þjórsárskóla
býður UMF Gnúpverja börnum og fullorðnum
að hittast, og æfa sig í að tefla skák!

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Töfl og klukkur á staðnum!

Stjórn Umf. Gnúpverja

Vinnuskólinn 2016

Nemendum sem fæddir eru 2001 og 2002 gefst kostur á að
starfa í Vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar.

Vinnuskólinn byrjar 6. júní og stendur í 8 vikur eða til 29.
júlí og unnið verður fjóra daga í viku, mánud.—fimmtud.

Kl. 08:00 - 14:00. Nemendur með lögheimili í Skeiða- og
Gnúpverjahreppi geta nýtt sér þennan skóla. Skylt er þó að
taka frí eina viku á tímabilinu.

Hámarksfjöldi vinnufólks í einu er átta og ef fjöldinn veður
meiri verður starfstíminn skipulagður með það í huga.

Í ágúst gefst þeim kostur sem hafa áhuga, að vinna eftir
þörfum og samkomulagi. Heitur matur er framreiddur í há-
deginu en koma þarf með nesti í kaffitíma fyrir hádegi. Um-
sóknarfrestur er til 13. maí og skráning fer fram á skrif-
stofunni í síma 486-6100.

Sveitarstjóri

Leikholtsfréttir – apríl 2016

Hér í Leikholti er alltaf nóg að gera. Þann 11. mars fóru Vörðufellsbörnin með skólabíl í Árnes og fengu að sjá generalprufu á Árshátíð Þjórsárskóla. Börnin voru mjög dugleg að fara í skólabílinn og sátu stillt og þrúð að horfa á frábæra leiksýningu hjá börnunum í Þjórsárskóla. Við þökkum kærlega fyrir boðið um að fá að koma og horfa á.

Þann 17. mars var Hattadagur hjá okkur og litu þá margir og fjölbreyttir hattar í ljós í leikskólanum.


Einnig kom Óskar prestur í fjórar heimsóknir til okkar í kringum páskana, börnin hafa mjög gaman af heimsóknum hans og þökkum við honum fyrir.





Þann 4. apríl bauð Elín á Hústóftum okkur í heimsókn í garðinn til sín að skoða þar hvolpa. Öll börnin í leikskólanum fóru í þessa góðu gönguferð stórir sem smáir og stóðu sig vel í göngunni. Heimsóknin breyttist í hálfgerða ævintýraferð eða ferð í dýragarð eins og einu barni varð á orði. Því börnin sáu ekki einungis hvolpa heldur líka hesta og fengu að kíkja inn í fjárhús á kindurnar og að lokum bauð Valgerður á Hústóftum okkur að skoða hænurnar hennar og gefa þeim að borða úti.

Við þökkum Elínu og Valgerði kærlega fyrir móttökurnar, þetta var ævintýraleg heimsókn.


Þann 6. apríl kom leikhópurinn Lotta að sýna okkur leikrit í Leikholti í boði foreldrafélagsins Leiksteins, einnig komu 1.-4. bekkur og fengu að horfa á líka. Þetta var mjög skemmtileg sýning og við þökkum foreldrafélaginu fyrir að hafa boðið okkur.



Gönguferð á Húsatóftir



Gönguferð á Húsatóftir



Í apríl byrja tvö ný börn í Heklu, það eru þær Agnes Día 2ja ára og Eliza 1 árs, við bjóðum þær velkomnar í leikskólann.

Bestu kveðjur frá Leikholti.

Aðalsafnaðarfundur Stóra-Núpssóknar verður haldinn 18. apríl kl. 20:30 í Félagsheimilinu Árnesi.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta aðalsafnaðarfundar
2. Skýrsla stjórnar (form og gjaldkeri)
3. Kosningar:
 - a) Ekki þarf að kjósa í sóknarnefnd þetta ár.
 - b) Kjósa skoðunarmenn til eins árs, og varamenn en annar tveggja, aðalmanna gefur ekki kost á sér áfram.
4. Prestakallssjóður — reikningar.
5. Héraðsfundur þann 9. apríl s.l. - fréttir
6. Reglur um gróður í Kirkjugarðinum lagðar fram til samþykktar.
7. Önnur mál. - Kaffiveitingar

Sóknarnefnd.



Fréttatilkynning.

Aðalfundur Félags um atvinnuuppbyggingu við Þjórsár verður haldinn
21.apríl, sumardaginn fyrsta, klukkan 20:00 í Þjórsárskóla í Árnesi.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Umræður og önnur mál.

Markmið nýja félagsins er að skapa vettvang fyrir fólk sem langar til að auðga okkar fallegu sveitir með atvinnutengdri Þjórsá.

Þótt virkjanir séu leið til að nýta auð árinna er okkar sannfæring að aðrir valkostir geti skapað enn meiri verðmæti og tækifæri fyrir heimamenn.

Við viljum leiða saman frumkvöðla um atvinnusköpun, ferðaþjónustu og íbúa með það leiðarljós að atvinnusköpun verði sveitunum til góðs. Áhersla verður lögð á hugmyndir og framtak í héraði. Skýr stefna verður um vönduð vinnubrögð við skipulag atvinnutækifæra og tryggt að góð umgengni við náttúruna verði í forgrunni.

Með góðri skipulagningu má forðast átroðning og tryggja að allir geti notið uppbyggingarinnar. Á aðalfundinum verða stutt erindi þar sem hugmyndir eru kynntar og á eftir því verða umræður. Allir sem bera hag sveitanna fyrir brjósti eru velkomnir. Við vonumst auðvitað til að sjá sem flesta heimamenn og hlökkum til að heyra ykkar hugmyndir og ábendingar.

Með góðri kveðju;

Félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá.

Saga Ragnheiðar og Daða í tali og tónum

Einstakt námskeið í Skálholti

Á þessu námskeiði, sem er samstarfsverkefni Skálholtsstaðar og Fræðslunetsins, verður fjallað um hina dramatisku sögu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur og Daða Halldórssonar og svið sögunnar í Skálholti og nærsveitum. Þá verður fluttur skáldskapur, sögur, ljóð og tónlist sem er innblásin af þessari harmrænu ástarsögu. Efnisþættir: Valdakerfi 17. aldar, Stóridómur og réttarfar, Mariusvers eftir Brynjólf biskup og Daða Halldórsson, Ragnheiður og Daði í bókmenntum, Operan Ragnheiður, Ragnheiður þessa heims og annars, miðilsbækur, minnismerki og fleira.

- **Tími:** Föstudagur 15. apríl kl. 19-22 og laugardagur 16. apríl kl. 10-12.30
- **Staður:** Skálholtskóli, Skálholti Biskupstungum
- **Verð:** 19.500.-
- **Leiðbeinendur:** Gunnar Þórðarson tónskáld, Halldór Reynisson, Bjarni Harðarson og Skúli Sæland

Hægt er að kaupa gistingu, málsvæð og morgunverð á staðnum.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Fræðslunetinu

Sími 560 2030 | netfang: fraedslunet@fraedslunet.is

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



NÝ REGLUGERÐ UM VELFERÐ GÆLUDÝRA

Í 11. gr. þeirrar reglugerðar segir svo: **Merking og skráning.**

Umráðamanni hunda, katta og kanína er skylt að auðkenna öll dýr innan 12 vikna aldurs með einstaklingsörmerki skv. alþjóðlegum ISO-staðli. Samtímis skal örmerkjanúmerið skráð í miðlægan gagnagrunn sem er samþykktur eða rekinn af Matvælastofnun. Umráðamanni ber að tryggja að upplýsingarnar séu réttar á hverjum tíma. Umráðamaður ber allan kostnað af merkingu og skráningu dýra sinna.

Hundar og kettir sem fara út skulu frá fjögurra mánaða aldri bera hálsól með merki þar sem fram koma eigendaupplýsingar svo sem nafn og símanúmer umráðamanns. Minnum einnig á að nú eru ormahreinsanir á ábyrgð eigenda og dýrlæknar koma ekki lengur á bæi og gefa hundum inn ormalyf.

Reglugerðina er að finna á þessari slóð.

<http://hundalifspostur.is/2016/02/10/ny-reglugerd-um-velferd-gaeludyra>

Ritað að beiðni Umhverfisnefndar . khg.

Árshátíð Þjórsárskóla 2016 – Indiánar og Íslendingar „ekkert fólk“.

Föstudaginn 11. mars var árshátíðin okkar í Þjórsárskóla. Í ár var hún helguð indíánum og landnemum.

Nemendur tóku virkan þátt í undirbúningi fyrir árshátíðina. Unnið var í aldurs-blönduðum hópum á stöðvum í viku fyrir árshátíðina. Stöðvarnar voru: búningagerð, höfuðskraut og skart, veggmyndir og sviðsmynd. Þá voru söngtextar og leikrit einnig æfð daglega.

Höfundur og leikstjóri: Halla Guðmundsdóttir

Kórstjóri: Helga Kolbeinsdóttir

Hljómsveitarstjóri: Magnea Gunnarsdóttir

Hljóðfæraleikarar: Nemendur skólans






Lestraráttak Ævars vísindamanns

Nemendur í 1.-2. bekk tóku þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns sem stóð yfir í tvo mánuði. Þeir söfnuðu fiskum fyrir hverja þá bók sem þeir luku við að lesa eða sem var lesin fyrir þau. Samtals lásu nemendur 285 bækur og stóðu sig því með mikilli þrýði.

Bestu kveðjur úr
Þjósárskóla.

Kristín og Bolette



Vetraropnunin 1.
jan.—9.júní 2016

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

**Gott er að njóta
gufunnar!**

Opið daglega frá kl. 11:00 - 21:00

<http://www.fontana.is>

**Krafturinn úr náttúrunni
hjálpur þér að ná jafnvægi!**



VÖRÐUKÓRINN


Vortónleikar

20. apríl kl. 20.30

Félagsheimilinu Árnesi.

23. apríl kl. 17.00

Víðistaðakirju í Hafnarfirði.



Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir.

Undirleikari: Jón Bjarnason.




Einsöngvari

Gissur Páll Gissurarson.



Verð miða 3000 kr.

Fritt fyrir 14 ára og yngri.





í samstarfi við



**Lokakvöldið var haldið
föstudaginn 8. apríl í
Reiðhöllinni á Flúðum.**

Keppt var í tölta og fljúgandi
skeiði en úrslit höfðu ekki
borist þegar blaðið fór í prentun.

En keppnin í fimmgangi sem fram fór þann 18. mars var jöfn og spennandi eins og svo oft áður. Eftir forkeppnina var Bjarni Bjarnason á Hnokka frá Þóroddsstöðum efstur með 7,10 en skammt á eftir honum var Matthías Leó Matthíasson á Oddaverja frá Leirubakka með 6,87 og Guðmann Unnsteinsson á Prins frá Langholtsskoti með 6,60 í ein-kunn. Rósa Birna Þorvaldsdóttir varð fjórða úr forkeppninni á Mekki frá Hólmahjáleigu með 6,57.

Efstur úr B-úrslitum var Arnar Bjarki Sigurðsson á Rebekku frá Kjartansstöðum með 6,57. Hann átti sérstaklega góðar skeiðsýningar í A-úrslitum og vann sig upp í 3 sæti. Það var mikil spenna í salnum þegar leið á A-úrslitin þar sem ljóst var að Matthías Leó og Bjarni voru mjög jafnir en að lokum skildu einungis 0,03 stig á milli þeirra og sigraði Matthías Leó fimmganginn á hinum glæsilega Oddaverja frá Leirubakka undan Aroni frá Strandarhöfði og Emstru frá Árbakka. Matthías Leó keppir fyrir lið Pálmatrés sem er skipað félögum úr hestamannafélaginu Trausta.

Úrslit keppninnar má finna á vefsvæði Reiðhallarinnar Flúðum, www.reidhollin.is, sem á facebook síðu hennar www.facebook.com/reidhollinfludum.

Staða efstu knapa var þessi:

Matthías Leó Matthíasson.	47 stig
Arnar Bjarki Sigurðarson.	42 stig
Guðmann Unnsteinsson.	41 stig
Sólon Morthens.	40 stig
Lárus Sindri Lárusson.	31 stig
Guðjón Sigurliði Sigurðsson.	30,5 stig
Árný Oddbjörg Oddsdóttir.	28 stig
Þórarinn Ragnarsson.	24 stig
Bjarni Bjarnason.	23 stig

Staða liðakeppninnar var þessi:

Pálmatré.	113,5 stig
Hrosshagi/Sunnuhvoll	110 stig
Vesturkot	99 stig
Kílhraun	81,5 stig
Landstólpi	59 stig
Lið Límtré Vírnets	55 stig
JÁVERK	41 stig
Brekka / Dalsholt	37 stig

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



Vilt þú koma í okkar hóp?

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nú þegar bílstjóra með meirapróf (C og CE réttindi) á flutningabíla okkar. Um framtíðarstarf getur verið að ræða í fjölbreyttum verkefnum og frábærum félagsskap.

Frekari upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri.

Á heimasíðu okkar www.landstolpi.is er jafnframt umsóknarform sem hægt er að fylla út og senda beint.

Landstólpi ehf., Gunnbjarnarholti, 801 Selfossi, s. 480 5600

Sumarstörf laus til umsóknar í

Neslaug og Skeiðalaug!

Starfsfólk vantar til starfa sumarið 2016 við sundlaugar sveitarfélagsins.

Um er að ræða hlutastörf um helgar en einnig aðra daga!

Upplýsingar veitir Eypór í síma 897-1112

Hrunaprestakall

Kæru sveitungar.



Seinnipartinn í þessum mánuði og í byrjun maí verða haldnir aðalsafnaðarfundir í öllum fjórum sóknum prestakallsins.

Þar verður farið yfir starfsemina á síðasta ári, reikningar lagðir fram og horft til næsta árs m.t.t. starfs og helstu framkvæmda.

Fundirnir verða auglýstir með góðum fyrirvara og ég hvet áhugasama eindregið til að mæta. Það sem hæst ber framundan eru lok vetrarstarfsins og fermingar á hvítasunnu. Fermingarbörnin þetta árið eru 13 talsins í prestakallinu en fyrsta fermingarathöfnin fór fram á annan í páskum. Hér að neðan má síðan finna helstu viðburði í helgihaldinu á næstunni:

21. apríl – sumardagurinn fyrsti:

Fjölskylduguðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 11. Lok barnastarfs.

24. apríl: Guðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í Stóra-Núpskirkju kl. 14. Tvennir tímar leiða söng í messunni.

5. maí – uppstigningardagur: Sameiginleg messa uppsveitasókna í Skálholtskirkju kl. 14 á degi eldri borgara.

15. maí – hvítasunnudagur: Ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11, ferming í Hrepphólakirkju kl. 12:30 og ferming í Ólafsvallakirkju kl. 14.

16. maí – annar í hvítasunnu: Ferming í Hrunakirkju kl. 11.

Munið að hægt er að fylgjast með starfseminni í Hrunaprestakalli á hruni.is og á [facebook/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).

Með kærum kveðjum og ósk um gott og blessunarríkt sumar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson.

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og plökkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

26. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Mál til umfjöllunar og afgreiðslu

1. Erindi frá eigendum og ábúendum Stóra-Núps og Skaftholts. Lagt var fram bréf frá eigendum og ábúendum Stóra-Núps og Skaftholts undirritað af Valdimar Jóhannssyni. Í bréfinu er þess getið að áður nefndir aðilar hafi kært í desember 2012 til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) samþykkt sveitarstjórnar frá 4 september 2012 um deiliskipulag fyrir minkabú í landi Ása. Að auki er þess getið að sveitarfélagið hafi sent greinargerð með rökstuðningi þar sem farið var fram á að kröfum kæranda yrði hafnað. Bent er á að þegar eigendur Ása hafi kært í október 2014 samþykkt sveitarstjórnar um sama mál 16 september 2014 hafi sveitarstjórn ekki sent greinargerð til nefndarinnar þó eftir því væri leitað. Fyrir hönd eigenda óskar Valdimar eftir skriflegum rökstuðningi um misræmi í viðbrögðum og öllum samskiptum milli sveitarstjórnarmanna þegar ákvörðunin var tekin um að svara ekki Úrskurðarnefndinni í síðara tilfallinu.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi skýringar:

Sveitarstjórn barst bréf frá áður nefndri Úrskurðarnefnd 13. október 2014.

Meðfylgjandi því bréfi var afrit kærú, dags. 13. október 2014, þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps að synja tillögu að deiliskipulagi fyrir minkabú úr landi Ása.

Í ofangreindu bréfi er vísað til 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og óskað eftir að úrskurðarnefndinni verði send gögn er málið varða innan 30 daga frá dagsetningu þess bréfa, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Í bréfinu var sveitarstjórn gefinn kostur á að tjá sig um kærúna til sama tíma. Eftirgreind gögn voru send til Úrskurðarnefndarinnar í beinu framhaldi af því að bréfið barst frá nefndinni.

- Bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 17. september 2014. Bókun frá 05. Fundi dags. 16. september 2014.
- Fundargerð nr. 05 dags. 16. sept 2014.
- Fundargerð nr. 04 dags. 3. sept 2014.
- Bréf frá Lex til Torfa R. Sigurðsson hrl dags. 2. sept. 2014 Fyrirhugað minkabú að Ásum.
- Bréf frá Valtýr Sigurðssyni til Torfa R. Sigurðssonar dags. 3. sept. 2014. Deiliskipulag fyrir minkabú Steinkers ehf. Á Steinkerstúni úr landi Ása.

- Bréf frá Valtýr til Skeiða-og Gnúp, dags. 3.júlí 2014. Krafa um ábyrgðartryggingu í tengslum við afgreiðslu á breytingu á deiliskipulagi.
 - Bréf frá Verkfræðistofu Suðurlands ehf. Dags. Selfoss 24.06.2013.
 - Yfirlitsmynd /Efla verkfræðistofa, jarðvegskönnu tillaga að byggingareit.
 - Fundargerð nr.58 dags 22.maí 2014.
 - Fundargerð nr.56 dags 1.apríl 2014.
 - Fundargerð nr.50 dags 5. Nóv. 2013.
 - Fundargerð nr.49 dags 1. okt. 2013.
 - Fundargerð nr.47 dags 13. ágúst 2013.
 - Deiliskipulagsbreyting Minkahús að Ásum / Basalt arkitektar.
 - Yfirlitsmynd /Verkfræðist.Suðurlands/Staðsetning minkahúss fjarlægðir og afstaða gagnvart íb.húsum og sumarhúsum. Dags. 24.6.2013.
 - Breyting á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðs minkabús Steinkers ehf. Fundur með sveitarstjórn Skeiða- og Gnúp 26.ágúst 2014 Samantekt um málsmeðferð og sjónarmið.
 - Bréf Lögmenn Suðurlands, Minnisblað dags. 20.júní 2014, Tillaga að bókun vegna deiliskipulags Steinkerstúns, Steinkerstún athafnasvæði.
 - Bréf Skeiða- og Gnúp, dags. 23.5.2014, Bókun frá fundi sveitarstjórnar 22. Maí 2014.
 - Yfirlýsing Ásaskóla dags. 23. júní 2014.
 - Minnisblað –Jarðvegskönnun Ásar og yfirlitsmyndir frá Eflu verkfr.stofu 10.03.2014.
 - Tölvupóstur frá Péttri Inga Haraldssyni til Jóns Hákonarson, Dags.18.mars.2014.
 - Bréf Valtýr Sigurðsson til Skeiða- og Gnúp, dags.24. mars 2014, Athugasemdir eigeenda Steinkers ehf. Breyting á umsókn um byggingaleyfi.
 - Athugasemdir á dsk Ásar á kynningartíma frá 17 aðilum. (læt vera að telja þá upp).
 - Kynningarfundur um skipulag.
 - Bréf Skipulagsstofnunar til skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita bs. Dags. 23.ágúst 2013.
 - Bréf til Skipulags- og byggingarfulltrúa frá landeigendum Ása og Steinkers ehf, dags.24.júlí 2013.
 - Tölvupóstur frá Jóni Hákonarsyni til Péturs Inga dags.19.júlí 2013.
 - Bréf til skipulags-og byggingarfulltrúa frá Jóni Hákonarsyni, ódagsett, / Viðauki. Skipulagsfulltrúi spyr/Athugasemdir Jóns ásamt kostnaðartölum.
 - Bréf skipulagsfulltrúa / Auglýsing Dsk Lýsing skipulagsverkefnis dags.28.ágúst 2013.
 - Greinargerð,Mat á líklegri lyktarmengun og dreifingu lyktar, VSÓ ráðgjöf, júlí 2013
 - Áðurnefnd kæra ákvörðunar sveitarstjórnar frá 16. september 2014 var lögð fram til kynningar á sveitarstjórnarfundi þann 5. nóvember 2014.
 - Bréf Úrskurðarnefndar frá 13 október 2014 sem áður er getið var ekki lagt fyrir sveitarstjórn með formlegum hætti.
- Ástæður eru þær að sveitarstjóra láðist að leggja bréfið formlega fyrir. Beðist er vel virðingar á þessum mistökum.

2. Breytingar á pósthjónustu. Bréf barst frá Póstinum um breytingu á fyrirkomulagi póstdreifingar á landsbyggðinni. Verður pósti framvegis dreift að lágmarki annan hvern virkan dag, í stað þess að honum sé dreift hvern virkan dag. Sveitarstjórn mótmælir harðlega að dregið verði úr þjónustu með umræddum hætti. Með því sé aukið á mismunun milli þéttbýlis og dreifbýlis.
3. Erindi frá foreldrafélagi Þjórsárskóla. Lögð var fram fyrirspurn frá Ólafi Hafliðasyni formanni Foreldrafélagsins. Þar er spurt um dekkjakurl á íþróttavöllum sveitarfélagsins. Um dekkjakurl er að ræða á gervigrasvelli sveitarfélagsins. Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna möguleika á að skipta dekkjakurli út fyrir annað efni og tilheyrandi kostnað.
4. Drög að Jafnréttisstefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Kristjana Gestsdóttir formaður Velferðar- og jafnréttisnefndar lagði fram og kynnt drög að jafnréttisstefnu sveitarfélagsins 2014-2018. Þau hafa verið tekin fyrir í nefndinni. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
5. Málefni í Þjórsárdal. Rætt var um uppbyggingarkosti og málefni ferðahjónustu í Þjórsárdal.
6. Stöng deiliskipulagstillaga. Lögð fram og kynnt deiliskipulags-tillaga um Stöng í Þjórsárdal. Sveitarstjórn þykir miður hversu óraunhæfar hugmyndir eru um uppbyggingu af hálfu Minjastofnunar og standi í vegi fyrir eðlilegri uppbyggingu á svæðinu.
7. Uppbyggingarsjóður Suðurlands. Lagt var fram bréf frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands þar sem kynnt eru markmið sjóðsins. Sjóðurinn styrkir menningar- og nýsköpunarverkefni. Umsóknarfrestur eru til 19 apríl. Samþykkt að sækja um styrk til skiltagerðar til merkingar á athyglisverðum stöðum.
8. Ungt fólk og lýðræði. Alyktun frá ungmennaráðstefnu UMFÍ á Selfossi 16-18 mars 2016. Sérstök áhersla var lögð á geðheilbrigði ungmenna. Lögð fram og kynnt. Unnið er að stofnun Ungmennaráðs í sveitarfélaginu undir umsjón Menningar- og æskulýðsnefndar
9. Nafn á lögbyli. Urðarholt úr landi Réttarholts. Lagt var fram erindi frá Aðalheiði Einarasdóttur og Einari Einarssyni eigendum landsspildunnar Réttarholt B. Landnr 223803. Þar sem óskað er eftir að samþykkt verði nafnið Urðarholt á spilduna. Erindið samþykkt samhljóða.
10. Sumarhúsabyggð í Áshildarmýri. Skipulagsmál. Sveitarstjórn hefur áður borist erindi frá eigendum lóða í landi Áshildarmýrar – Kílhrauns þar sem þeir óska eftir að skipulagi lóða verði breytt úr frístundabyggð í byggð þar sem heimiluð verði lögheimilisfesti. Samþykkt að skoða með Skipulagsfulltrúa og skipulagsráðgjafa kosti og galla breytinga sem um ræðir.
11. Kaup á húsnaði. Kaup á húsnaðinu Holtabraut 27. Húseignin Holtabraut 27 er í eigu VBS eignasafns. Umræða hefur verið um að sveitarfélagið kaupi húseignina. Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu. Tæknisvið Uppsveitanna hefur ástandskoðað húsið og telur það í góðu ásigkomulagi. Tilgangurinn með kaupunum er að hafa íbúðarhúsnaði sem sveitarfélagið getur ráðstafað og leigt tímabundið til fólk sem hefur í hyggju að setjast að í sveitinni en vill

hugsa sig um. Þar á meðal aðkomandi ráðnir starfsmenn hreppsins. Eignin verði leigð á markaðsverði. Tillaga samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur. Björgvin Skafti, Einar og Meike samþykktu. Gunnar Örn og Halla Sigríður greiddu atkvæði gegn tillögunni. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við VBS eignasafn fyrir hönd sveitarfélagsins um kaup á eigninni, jafnframt verði honum falið að leita til Lánasjóðs sveitarfélaga um lántöku til kaupa á eigninni.

12. Opnunartímar sundlaugar. Lögð var fram tillaga að opnunartímum sundlauga frá 20 apríl nk til 31 ágúst nk. Aðgangsgjald í sundlaugar verði 700 kr fyrir stakt skipti. Tillaga samþykkt.

13. Námsráðgjafi Skólaþjónustu. Lagt var fram erindi frá Maríu Kristjánsdóttur félagsmálastjóra þar sem lagt er til að sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppur ráði náms- og starfsráðgjafa í fullt starf. Náms- og starfsráðgjafi verði með fasta starfsstöð í einum skóla þar sem hann hefur tölvu og aðgang að nauðsynlegum gögnum. Hann sinni 6 skólum og fari viðvera hans í hverjum skóla eftir fjölda nemenda á hverjum stað. Sveitarstjórn samþykkir ráðningu námsráðgjafa samhljóða.

Fundargerðir

14. Fundargerð 106. fundar Skipulagsnefndar. (Lögð fram og kynnt.)
15. Fundargerð 107. fundar Skipulagsnefndar. Mál 12. Þarfnast umfjöllunar. Mál. 12. Búrfellsvirkjun. Stöðvarhús í Sámsstaðaklifi. Deiliskipulagsbreyting. 1602043. Málið var samþykkt 2. Mars sl með fyrirvara um umsagnir opinberra stofnana. Sveitarstjórn samþykkir breytinguna. Skv 2. Mgr. 43.gr. ásamt meðfylgjandi umhverfisskýrslu.
16. Fundargerð 33. fundar stjórnar BS Skip- og bygg. Fundargerð lögð fram og kynnt.
17. Fundargerð 34. fundar stjórnar BS Skip – og bygg. Undir lið nr. 1. er fjallað um ráðningu starfsmanns við Byggðasamlagið. Sveitarstjórn samþykkir ráðninguna samhljóða.
18. Fundargerð 17. fundar stjórnar Bergrisans. Fundargerð lögð fram og kynnt.
19. Fundargerð 15. fundar Menningar – og æskulýðsnefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt.

Samningar

20. Samningur um seyrusvæði –drög. Lögð fram drög að Samstarfssamningur um umsjón á sameiginlegu seyrusvæði. Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Drög samþykkt samhljóða.
21. Samningur Hestamannafélagið Smári. Undirritun þarfnast staðfestingar. Samningur staðfestur með fyrirvara um lagfæringar á texta.
22. Samningur um landgræðsluskóga við Bjarnarlón. Erindi lagt fram frá Forsætisráðuneyti þar sem óskað er eftir að bætt verði gildistíma í áðurgerðan samning um ræktun landgræðsluskóga. Ráðstöfun lands við Bjarnarlón. Samþykkt samhljóða að gildistími verði 50 ár.
23. Samkomulag við LV um uppgjör Þjórsárstofu. Undirritað samkomulag staðfest.
24. Samningur við Curron um heimaþjónustukerfi. Undirritaður samningur staðfestur

Styrkbeiðnir

25. Neistinn. Beiðni um styrk. Beiðni lögð fram um styrk frá Neistanum Styrktarfélagi hjartveikra barna. Samþykkt að veita 10.000 kr styrk.
26. Vinir Grensás. Beiðni um styrk. Lögð var fram beiðni frá Vinum Grensás um styrk til starfsins. Samþykkt afmæliskeðja til styrktar kr. 10.000.

Umsagnir

27. Beiðni frá SÍS um umsögn um framlög úr Jöfnunarsjóði í málaflakki fatlaðra. Bréf lagt fram frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga undirritað af Karli Björnssyni. Lagt fram og kynnt.
28. Aðalskipulag Hrunamannahrepps. Beiðni um umsögn. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við aðalskipulag Hrunamannahrepps.
29. Aðalskipulag Flóahrepps. Beiðni um umsögn. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við aðalskipulag Flóahrepps.

Annað

30. Heilsufarsmælingar starfsmanna. Lagt var fram tilboð í heilsufarsmælingar frá HSu Ákveðið að vísa málinu frá.
31. Búnaður í félagsheimili sveitarfélagsins. Máli frestað til næsta fundar.

Mál til kynningar:

- A. Fundargerð 170. Fundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
- B. Athugasemd RSK.við kröfugerð Hitaveitu.
- C. Framlög til SKOGN úr Jöfnunarsjóði 2015.
- D. Fundargerð 835. Fundar Sambands Ísl svf.
- E. Fundargerð 836. Fundar Sambands Ísl svf.
- F. Fundargerð 837. Fundar Sambands Ísl svf.
- G. Reglugerð um baðstaði í náttúrunni.
- H. Punktar frá vinnufundi um aðalskipulagsvinnu. 21.03.16.
- I. Þingskjal 267. Eiturefni í neysluvöru.
- J. Þingskjal 304. Hæfisskilyrði leiðsögumanna.
- K. Þingskjal 325. Breytingar á sveitarstjórnarlögum.
- L. Þingskjal 732. Breytingar á lögum um félagsþjónustu.
- M. Þingskjal 32. Breytingar á lögum um lögheimili.
- N. Þingskjal 452. Breytingar á lögum um öldrunarþjónustu.
- O. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 02.03.2016.
- P. Átaksverkefni um tímabundna atvinnu háskólanema.
- Q. Hraunvellir. Deiliskipulagsbreyting.
- R. Stöðuskýrsla um sjúkraflutninga.
- S. Fundargerðir Brunavarna Árnessýslu.
- T. Fundargerðir Brunavarna Árnessýslu.
- U. Dagskrá umhverfis dags 9. apríl nk.
- V. Fundargerð Fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga.

Fundi slitið kl 17:50 — Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn þriðjudaginn 19. apríl næstkomandi kl 16:00.



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Frá og með miðvikudeginum **10. febrúar**
breytist áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árneshöfða í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árneshöfða er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Ungmennaráðstefna UMFÍ,



Ungt fólk og lýðræði, haldin á Selfossi dagana 16. - 18. mars 2016, skorar á stjórnvöld, jafnt ríki sem sveitarfélög, að leita meira til ungmenna og taka tillit til þeirra skoðana á málefnum samfélagsins, einkum en ekki eingöngu þeim er varða ungmennin sjálf. Yfirheiti ráðstefnunnar var Niður með grímuna, geðheilbrigði ungmenna og fjallaði hún um stöðu geðheilbrigðismála barna og ungmenna á Íslandi í dag.

Þátttakendur ráðstefnunnar voru fulltrúar ungs fólks í sínum samfélögum og þekkja vel til aðstæðna ungmenna á sínu heimasvæði auk þess að vera það sem mætti kalla sérfræðingar í málefnum ungmenna, verandi ungmenni sjálf. Biðtími eftir sér- og ítarþjónustu geðheilbrigðiskerfisins getur verið allt að 18 mánuðir. Við lok síðasta árs voru 718 börn og ungmenni á biðlistum eftir þessháttar þjónustu, en það eru þeir sem þegar höfðu sótt grunnþjónustu en ekki fengið. Á grunnþjónustustigi geðheilbrigðiskerfisins er löng bið veruleiki sem bitnar á mjög stórum hópi barna og ungmenna. Heildarbiðtími barna og ungmenna eftir þjónustu getur því orðið allt að þrjú til fjögur ár. Það er fullkomlega óásættanlegt.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að þessir löngu biðlistar ganga ekki einungis gegn lögbundnum skyldum ríkisins heldur stofna þeir velferð borgara í hættu. Það teljum við algjörlega óviðunandi og krefjumst þess að stjórnvöld átti sig á mikilvægi þessa málaflökks, ekki bara í orði heldur verki, strax í dag.

Tilgangur Ríkisendurskoðunar er að hafa eftirlit með störfum stjórnvalda og benda á það sem betur má fara innan kerfisins. Sé ekki tekið mark á ábendingum stofnunarinnar, má draga í efa vilja stjórnvalda til þess að gera betur.

Vandamál geðheilbrigðiskerfisins eru þó ekki ný af nálinni. Þau hafa verið þekkt í fjölda ára og okkur þykir ljóst að miðað við stöðu þess í dag að þá eru börn og ungmenni ekki í forgangi og hafa ekki verið svo áratugum skiptir. Á sama tíma og hamrað er á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar þá er verið að skera niður fjárveitingar hjá borg og sveitafélögum til þeirra stofnana sem sinnir þessari þjónustu. Það kemur verst niður á börnum og ungmennum og kemur til með að kosta samfélagið margfalt meira en sparað er til framtíðar. Stjórnvöld gætu allt eins tekið lán á stökkbreyttum ofurvöxtum.

Við viljum leggja áherslu á mikilvægi þess að bæta og auka fjármála-, kynja- og lýðræðisfræðslu á öllum skólastigum til þess að undirbúa börn og ungmenni fyrir virka lýðræðisumræðu í samfélaginu.

Ungt fólk hefur mikinn áhuga á málefnum liðandi stunda, bæði þeim málefnum sem að þeim snúa sérstaklega en ekki síður öllum öðrum málefnum samfélagsins. Það er mikill vilji meðal ungmenna að taka virkan þátt í lýðræðinu en við upplifum fordóma vegna aldurs og meints reynsluleysis.

Við viljum benda á að reynsla einstaklinga er mjög fjölbreytt og að ungt fólk

býr margt yfir reynslu og upplifunum sem þeir sem eldri eru þekkja ekki. Okkur er stórlega misboðið yfir áhugaleysi stjórnámamanna til þess að höfða til ungmenna og minnum á það að ungmenni á aldrinum 16 - 30 ára eru 76.000 manns á Íslandi í dag. Fjórði hver Íslendingur er ungmenni en það endurspeglast hinsvegar ekki á alþingi, æðsta stjórnvaldi á Íslandi. Til þess að styrkja stöðu ungmenna í lýðræðinu kemur lækkun kosningaaldurs í 16 ár sterklega til greina. Ungt fólk er ekki bara framtíðin, við erum til núna og höfum áhrif í dag. Biðtími eftir þjónustu í geðheilbrigðismálum barna og unglinga hefur náð hættustigi. Í dag eru hundruðin barna og ungmenna sem hljóta skaða af þeim langa biðtíma sem úrræðaleysi stjórnvalda árum saman hefur valdið. Ef stjórnvöld eru ekki tilbúin til þess að setja málefni barna og ungmenna í forgang strax, þá mun það halda áfram að valda óafturkræfum skaða fyrir samfélagið allt.

Fyrir hönd ráðstefnugesta,
Ungmennaráð UMFÍ.

Umhverfisverðlaun í Skeiða-og Gnúpverjahreppi – tilnefningar óskast.


Óskað er eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2016 sem veitt verða aðila, sem skarar fram úr á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála. Litið verður til þess hver ásyndin er þegar komið er að staðnum, meðferð úrgangs, hve vel staðið er að flokkun og endurnýtingu á rusli, efnanotkun, mengunarvarnir, hver staðan er í frárennslismálum og framlag til umhverfismála. Fleira verður tekið til skoðunar ef þurfa þykir. Þetta er einfalt, þið sendið ykkar tilnefningu og færið ykkar rök fyrir því af hverju viðkomandi ætti að hljóta þessi verðlaun.

Tilnefningar skulu berast skriflega til skrifstofu hreppsins í lokuðu umslagi, merkt Umhverfisverðlaun 2016 eða á netfangið

umhverfisnefnd@skeidgnup.is fyrir 20. maí.

Með kærri kveðju

Umhverfisnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps.



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er:



Munum það — í verki !

802

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2016

SMÁRI



í Reiðhöllinni á Flúðum

2. mót 16. apríl kl 10:15

Fjörgangur, tölt - barnaflokkur
Fimmgangur, tölt – unglingaflokkur



Staðan í stigakeppninni eftir 1. mót

Barnaflokkur

1	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	10
2	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	9
3	Aron Emir Ragnarsson	Smári	8
4	Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	6.5
5	Valdísar Örn Ingvarsson	Smári	6.5
6	Salka Kristín Jónsdóttir	Logi	5
7	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	4
8	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	3
9	Anna-Lovísa Duerholt	Smári	2
10	Ingibjörg Bára Pálsdóttir	Smári	1
11	Matthías Jens Ármann	Logi	0

Unglingaflokkur

1	Sölvi Freyr Freyðisáson	Logi	10
2	Sigríður Magna Kjartansdóttir	Logi	9
3	Eva María Larsen	Logi	8
4	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	7
5	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	6

Smári 56

Logi 39

Álftröð á Skeiðum
Gistihús og náttugi fyrir hesta

Hrossaræktarþúið Hlemmiskeiði 3

Frítt inn – Allir velkomnir



Hænsnahöllin á Húsatóftum



Gardyrkjústöðin
Melar

Hrossaræktin Vorsabæ 2



FRÍÐHEIMAR

Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Minni á að ég hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi. Allir eru hjartanlega velkomnir, vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.



Tímamantanir í síma 863-0433.

Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fótaaðgerðarfræðingur.

Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtengingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.



Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



Sælir kærur sveitungar.

Um páskana var borin út skoðanakönnun á vegum Landsvirkjunar vegna Hvammsvirkjunar til sumra íbúa, lögbýla í sveitinni. Svo virðist sem ég hafi ekki verið á lista yfir þá sem áttu að fá könnunina, sem mér finnst ámælisvert sem ábúandi á jörð sem fær þetta lón í fangið, en ég fékk þó eintak af henni með krókaleiðum. Ég vil gera nokkrar athugasemdir við þessa könnun.

Í fyrsta lagi eru tvær spurningar sem snúa að því hver áhrif yrðu af fyrirhugaðri brú neðan stíflunnar á ferðaþjónustu og aðra þætti s.s. atvinnulíf og félagslíf. Það hefði mátt spyrja hver áhrifin væru ef við fengjum eingöngu brú án þess að fá virkjun. Það dylst engum að brú á Þjórsá væri mikil samgöngubót og hefðu jákvæð áhrif fyrir sveitina, en mun Landsvirkjun túlka mögulega jákvæða niðurstöðu þessara spurninga sem svo að þær séu jákvæðar í garð virkjunarinnar? Til þess að fá skýrari og marktækari niðurstöðu fyrir þennan þátt hefði þurft að spyrja út í brú eingöngu, eða hvort menn vildu fá brú frekar en lón eða uppþornaðan árfarveg. Það eru 6 brýr yfir Hvítá en engin virkjun sem tengjast þeim.

Í öðru lagi er spurt um tegundir útvistar sem er stunduð. Þar eru m.a. valmöguleikarnir Skíðaferðir og Snjósleðaferðir gefnir. Ég veit ekki til þess að það séu margir dagar á ári þar sem er hægt að stunda skíða- eða snjósleðaferðir á svæðinu sem um ræðir og því finnst mér valmöguleikarnir vera út í hött. Því spyr ég aftur, mun Landsvirkjun túlka þá niðurstöðu að skíða- og snjósleðaferðir séu sjaldan eða aldrei stundaðar sem réttlætingu fyrir virkjun? Vel er hægt að njóta útsýnis af veginum á Minna-Núpsháls, bæði innúr og framúr og það geta allir.

Í þriðja lagi hef ég athugasemdir varðandi fylgigögnin með könnuninni. Þar voru myndir af ánni fyrir ofan fyrirhugaða stíflu eins og hún er núna og hvernig hún mun verða eftir að lónið er komið. Neðst á „eftir“ myndinni er árfarvegurinn fyrir neðan stíflu sýndur nánast óbreyttur. Ég set athugasemd við það því samkvæmt texta sem fylgir könnuninni þá mun lágmarksrennsli yfir stífluna verða 10 m³/sek, af þeim 330 sem það er í dag. Það gera 3,3% af ánni eins og hún er núna. Þetta verða því 2,7 km fyrir neðan stífluna af árfarvegi með 3,3% af vatnsmagni. Hversu mikið af jökulleir mun þá fjúka yfir alla sveit í framtíðinni? Hefur það verið reiknað? Stórgrýttur, þurr og ljótur árbotn alveg fram fyrir Ölmóðsey.

Í fjórða lagi þá er ekkert spurt út í afstöðu til breyttrar ásýndar árinna og hver möguleg áhrif hennar muni hafa á útivist, heimamenn og ferðamenn. Mér finnst það vera mikilvægt sjónarmið sem þarf að koma á framfæri. Mér finnst spurningarnar í þessar könnun vera gallaðar þannig að þær bjóða upp á að Landsvirkjun geti túlkað niðurstöðurnar sér í hag. Einnig finnst mér myndirnar sem birtast í fylgigögnum vera villandi þar sem þær sýna ekki vatnsrennslið eins og það mun verða. Ég vil því gera kröfu á að íbúar og sumarhúsaeigendur fái að sjá allar niðurstöður þessarar könnunar, án túlkunar Landsvirkjunar.

Ég hvet alla að kynna sér málin til hlítar.

Með bestu kveðjum,

Sigrún Bjarnadóttir, Fosnesi.



Ertu með frábæra hugmynd?

Uppbyggingarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum

Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði nýsköpunar og menningar á Suðurlandi

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk.

Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands:

- Að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi
- Að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi
- Að styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna.

Hægt er að hafa samband í síma 480-8200 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið styrkir@sudurland.is

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum vefinn sudurland.is


SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) eru landshlutatsamtök sveitarfélaga á Suðurlandi, samstarfs- og þjónustuveitvangur um hagsmunamál sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi.

Austurvogi 56 - 800 Selfoss - 480-8200 - sass@sudurland.is

menning
atvinna tækifæri
uppbygging nýsköpun

*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.*




Á bak við eldavélina!

Það er Anna María Flygenring í Hlíð sem leggur til uppskriftir mánaðarins.

Takk fyrir áskorunina Eyþór.

Ég vil byrja á að birta uppskrift af hinu fræga lifrarköku-hundanammi, sem kom mér á spjöld þessa fréttabréfs.



1 kg lifur er hökkuð. 3 bollar mjöl, rúgmjöl, haframjöl eða annað gott mjöl til dæmis bygg eða blanda af þessu er hrærð útí lifrina og við er bætt tveimur eggjum. Bakað eins og skúffukaka við 180°C í hálfa klst.

Hún er svo skörin í hæfilega bita eftir stærð hunds og gjafmildi eigandans. Betra er að varast samt of mikið nammiát, það getur valdið uppvöðslusömum hundi og jafnvel frekum, sbr. frekt barn í búð við nammibarinn. ☺

Fyrir mannfólkið:

Hér er tillaga að matreiðslu á laxi, hef reyndar ekki nákvæmar mælieiningar tiltækar enda er ég gefin fyrir ónákvæmni í matreiðslu.

Laxaflak, helst af villtum laxi (ekki skilyrði) er roðflett, skorið í bita og er lagt í smurt, ofnfast fat.

Kryddað með fiskikryddi, salt og pipar ef vill. Bakað í ca. 15 mín við 180 ° C .

Blanda af rjómaosti, sem er aðeins hitaður til að mýkja hann og majonesi og /eða súrmjólk, eða grískri jógúrt er krydduð með hvítlaukspipar og fiskikryddi, helt yfir laxinn undir lok matreiðslunnar og látið brúnast aðeins.

Sem meðlæti er fínt að hafa soðnar kartöflur, bollur (eða hvítlauksbrauð), og síðast en ekki síst salat, grænt og ferskt.

Habbíar bollur:

200 ml mjólk

2 msk sykur

1 pk þurrger

600 g hveiti

1 tsk salt

2 tsk lyftiduft

1 dós (180 g) hrein jógúrt eða súrmjólk


Deigið er hnoðað, látið hefast í hálf tíma, síðan mótaðar bollur og settar á plötu.

Bakaðar við 180°C í ca. 13-15 mín. Bollurnar er smurðar að ofan með smjöri, hvítlauk og koriander eftir að þær koma úr ofninum og grófu salti stráð ofan á.

Ég vil skora á Bolette á Hæli að koma með eitthvað danskt og gómsætt í næsta fréttabréf.

Bestu kveðjur

Anna í Hlíð.



Aðalsafnaðarfundur Ólafsvallasóknar

veður haldinn í Ólafsvallakirkju Þriðjudaginn

26. apríl kl. 20:30. 2016

Venjuleg aðalfundarstörf .

Sóknarnefnd

Störf í boði í Árnesi !

Óskum eftir að ráða starfsmann í gestamóttöku Þjórsárstofu í sumar. Þekking á svæðinu, tungumálakunnátta og gott viðmót mikilvægir kostir. Hlutastarf kemur til greina. Einnig leitum við að starfsmanni til að sinna tilfallandi störfum á tjaldsvæði og veitingasal. Hlutastörf um helgar einnig í boði.

Heimamenn og nærsveitarmenn eru hvattir til að skoða þennan möguleika.

Frekari upplýsingar fást hjá Rósu í síma 664-6555 eða á netfangið

rosa@arnesferdamenn.is



Menn og málefni!

Hér koma nöfn á okkar ágætu verðlaunaframleiðendum í Uppsveitum Árnessýslu sem hafa framleitt úrvalsmjólk heilt ár, óslitið.

Eystra-Geldingaholt ehf.

Georg Kjartansson, Ólafsvöllum.

Félagsbúið Jón og Þorgeir,

Efri-Brúnavöllum.

Högni Guðnason og Kristín B Laxárdal.

Páll I Árnason/Kirsten Anita J., Haga.

Grænagerði ehf Miðfelli V, Hrun.

Gunnar K. Eiríksson Túnsbergi, Hrun.

Samúel og Þórunn Bryðjuholti Hrun.

Jóhann og Esther Sólheimum, Hrun

Ágúst Gunnarsson, Stærri-bæ, Gogg.

Hér eru þau flest er fengu þessa góðu viðurkenningu en þó sakna ég fulltrúa tveggja búa hér í sveitinni, Það er fulltrúa frá Eystra-Geldingaholti og þeirra bræðra frá Efri-Brúnavöllum en þeir hafa oft hreppt þessa viðurkenningu, var mér tjáð. Við óskum þeim öllum innilega til hamingju með viðurkenninguna. khg.



Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**
Gott á fjöllin fyrir útvistarfólkið og í jólapakkann... ☺

Daglegar vöruferðir í uppsveitir
Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Vorið er komið




Í verslunum Landstólpa er fjölbreytt vöruúrval sem hentar vel í sauðburð og vorverk.

Kíkið við!



Sauðfjárnvörur:

- Lambatúttur
- Einnota sprautur og nálar
- Burðarslím
- Lambasnara
- Legstoð fyrir sauðfé
- Skammtasprauta
- Klaufaklippur
- Steinefni og bætiefni
- Vinnugalli—**NÝTT**
BARNAVINNUGALLAR



Styttist í bændakaffi!
Fylgist með okkur á
Facebook.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600



Neslaug opin frá 20. apríl

Miðvikudaga kl. 18—22

Laugadaga kl. 12—18

Skeiðalaug opin:

Fimmtudaga: kl. 18 — 22

Mánudaga kl. 18 — 22

Verðskrá:

Fullorðnir: 14 – 69 ára700 kr.

Adults 14 – 69 years old

10 miða afsláttarkort3.000 kr.

10 tickets discount card

20 miða afsláttarkort.....6.000 kr.

20 tickets discount card

Börn: 6 – 13 ára300 kr.

Children 6 – 13 years old

10 miða afsláttarkort 1.500 kr.

10 tickets discount card

Sundföt – leiga 500 kr.

Swimwear

Handklæði – leiga500 kr.

Towel

Vörur tengdar sundi
seldar í afgreiðslum
lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Aðeins er 10 mínútna
akstur á milli
lauganna.

Frítt í sund fyrir 18
ára og yngri sem eiga
lögheimili í sveitar-
félaginu.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skírteinis.

Nýtt!



**Neslaug og
Skeiðalaug eru á**



Fylgist með
þar ☺



Eyþór Brynjólfsson.
Umsjónarmaður sundlauga.